

# Skólasóknarkerfi í 1. - 10. bekk fyrir grunnskóla Reykjavíkur

## Verkferil - fjarvistir og seinkomur

### I

Í upphafi hvers skólaárs eru allir nemendur með fullnægjandi skólasókn. Óstundvísi/seinkoma er eitt fjarvistarstig og óheimil fjarvist tvö fjarvistarstig.

Skólasókn er sýnileg í Mentor. Umsjónarkennari sendir foreldrum vikulega upplýsingar í tölvupósti um stöðu skólasóknar.

Komi nemandi í kennslustund eftir að kennsla hefst fær hann eitt fjarvistarstig.

Fyrir óheimila fjarvist fær nemandi tvö fjarvistarstig.

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar:

#### Prep 1 ( 10 fjarvistarstig )

Umsjónarkennari ræðir við nemandann og hefur samband við foreldra.

#### Prep 2 ( 20 fjarvistarstig )

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt nemanda, náms- og starfsráðgjafa og skólastjóra eða fulltrúa hans.

#### Prep 3 ( 30 fjarvistarstig )

Fundur með skólastjórnanda / fulltrúa hans, umsjónarkennara, nemanda og foreldrum.

#### Prep 4 ( 40 fjarvistarstig )

Fundur með umsjónarkennara, skólastjórnanda / fulltrúa hans, nemanda, foreldrum og fulltrúa skólaþjónustu (viðbragðsteymi skólaþjónustu)

#### Prep 5 ( 60 fjarvistarstig )

Eftir umfjöllun í nemendaverndarráði sendir skólastjórnandi tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið unnið skv. verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemanda með fjölþættan vanda.

## Skólasóknarkerfi í 1. - 10. bekk grunnskóla Reykjavíkur

### Verkferill - leyfi og veikindi

Þegar nemandi er tilkynntur veikur eða í leyfi þarf ávallt að skoða forfallasögu hans í skólanum. Ávallt skal skoða a.m.k. síðustu þrjá skólamánuði, bæði með tilliti til leyfis og veikinda. Skóli getur óskað eftir vottorði sé nemandi veikur meira en einn dag.

Greining er gerð á forföllum allra nemenda mánaðarlega. Miðað er við forföll önnur en langtímaveikindi, s.s. vegna slysa, samfelldra leyfa eða veikinda sem staðfest eru með vottorði læknis.

Viðbrögð vegna nánari skoðunar á skólasókn nemenda eru í eftirfarandi þrepum

#### Þrep 1 ( 5 veikinda og /eða leyfis dagar)

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra.

#### Þrep 2 ( 10 veikinda og /eða leyfis dagar)

Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda/fulltrúa hans.

#### Þrep 3 ( 15 veikinda og /eða leyfis dagar)

Umsjónarkennari tilkynnir stöðuna til skólastjóra sem tekur erindið upp í nemendaverndarráði ef þörf þykir. Ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru vegna veikinda getur nemendaverndarráð tekið ákvörðun um að fela fulltrúa skólaheilsugæslu að hafa samband við foreldra.

#### Þrep 4 ( 20 veikinda og /eða leyfis dagar)

Málið tekið upp í nemendaverndarráði sem getur tekið ákvörðun um að skólastjórnandi/fulltrúi hans boði foreldra til fundar ásamt umsjónarkennara og fulltrúa skólaþjónustu (viðbragðsteymi skólaþjónustu).

#### Þrep 5 ( 30 veikinda og /eða leyfis dagar)

Nemendaverndarráð skólans tilkynnir til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið unnið skv. verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og verferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda.

Á öllum þrepum ber að gæta jafnræðis og samræmis í viðbrögðum. Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.